



Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 24. nóvember 2004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, um rekstur skólaskips, mál 29.

Tillagan gerir ráð fyrir því að Alþingi feli sjávarútvegsráðherra að hlutast til um að aftur verði boðið upp á fræðsluferðir fyrir grunnskólanema um fiskveiðar og annað það sem lýtur að lífríki sjávarins og tengist nýtingu þess.

Í greinargerð með tillögunni er farið að nokkru yfir forsögu þessarar starfsemi og getið starfsemi Drafnar, skips Hafrannsóknastofnunarinnar, sem undangengin ár hefur sinnt þessu hlutverki og tók við því eftir að skólaskipið Mímir fórst 28. október 1991.

Í lok greinargerðarinnar er farið yfir skipulag hvernar ferðar þ.e. á hvað er lögð áhersla í þessum ferðum og hvaða skilaboðum þær eiga að koma til æsku þessa lands.


Í nefndri upptalningu er þess saknað að ekkert skuli vera fjallað um seglin og þann búnað sem þeim tilheyrir nú ef þau eru ekki nýtt til framdriftar skipsins þá áramnar og ræðarana.

Að öllu gamni slepptu þá er það nokkuð einföld kynning á skipi og búnaði þess ef sleppa á öllum vélbúnaði þess þ.e. hvað er það sem knýr skipið áfram, hvaðan kemur rafmagnið sem notað er um borð? Af hverju snúast vindurnar sem draga trollið inn? Hvað gerist þegar skipstjórinn beitir rafmagnsstýrinu.

Um þetta og fjölmargt fleira sem lýtur að rekstri tæknivædds skips telur VSFÍ að upplýsa beri æsku þessa lands þannig að hún fái það ekki á tilfinninguna að allt þetta gerist nú bara af sjáfu sér með líkum hætti og þeir sem borða niðursoðnar kjötvörur í stað nýrra vegna þess að þeir vilja ekki deyða blessuð dýrin.

Vélstjórafélag Íslands styður tillöguna með þeirri viðbót að yfirvélstjóra viðkomandi skips verði falið að upplýsa nemendurna um það helsta í gangverki þess.

Virðingarfyllt,
f.h. Vélstjórafélags Íslands



Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!